



Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna framkvæmda við Mjóeyrarhöfn, Reyðarfirði

Guðný Zoëga


Rannsóknarskýrslur 2022/003

Forsíðumynd: Horft til suðsuðvesturs yfir deiliskipulagssvæðið. Tóft af hesthúsi hægra megin fyrir miðri mynd.

© Guðný Zoëga, allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðafræði	3
Lýsing á skráningarsvæðinu	4
Ágrip af sögu bæjanna	4
Framnes	5
Sómastaðir	5
Sómastaðagerði	5
Staðarhraun (Hraun)	5
Fornleifaskrá	6
Minjar skráðar 2022	6
Minjar af eldra skráningarsvæði	11
Minjar sem eru til staðar	11
Horfnar minjar með hnitum	18
Horfnar minjar án hnita	21
Samantekt	25
Heimildaskrá	27



Mynd 1. Horft til norðausturs yfir skráningarsvæðið. Heimatún Framness er svæðið vinstra megin á mynd.

Inngangur

Að beiðni skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar voru fornleifar skráðar á deiliskipulagsreit vegna fyrirhugaðra breytinga á Mjóeyrarhöfn við álverið í Reyðarfirði. Reiturinn náði yfir lönd jarðanna Sómastaða og hjáleiga frá henni, Framness og Sómastaðagerðis. Einnig yfir land Staðarhrauns (Hrauns) sem var hjáleiga frá Hólmum. Fornleifaskráningar voru unnar vegna væntanlegs álvers og línulagnar árið 1999¹ en þær náðu ekki yfir land Framness. Auk þess var uppistandandi steinhús á Sómastöðum skráð í gagnagrunninn Huginn að kröfu Minjavarðar Austurlands. Hættumat minja er unnið út frá gögnum sem fengin voru hjá ráðgjafafyrirtækinu Alta. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur sá um skráningu og skýrsluskrif.

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Hreggviður Friðbergsson frá Framnesi og Víglundur Gunnarsson frá Sómastaðagerði. Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2813

¹ Adolf Friðriksson og Magnús Á. Sigurgeirsson, 1999 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson (1999).

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers (í þessu tilfelli 2813) sem Minjastofnun Íslands úthlutar og svo hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum, þannig fær t.d. bæjarstæði Framness númerið 2813-1. Hlaupandi númer fylgja verkefnisnúmerinu og halda áfram frá einni jörð til annarrar.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningastöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat er hér metið með tilliti til væntanlegra framkvæmda en einnig af völdum landrofs og trjágróðurs.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Lýsing á skráningarsvæðinu

Útlínur skráningarsvæðis eru sýndar á mynd 1 og eru þær fengnar frá verkkaupa. Svæðið náði yfir land Framness neðan vegar, heimatún og hluta af landi Sómastaða, og allt land Sómastaðagerðis og Hrauns. Álverið stendur á landi Sómastaðagerðis og Hrauns og þar eru allar minjar horfnar nema nokkrar tóftir við sjóinn. Elstu loftmyndir sem sýnir legu húsa og minja á jörðunum eru frá 1966 og má finna á heimasíðu Landmælinga Íslands.³ Nokkrar minjar eru sýnilegar á þeim myndum og hefur þeim verið bætt inn í skrána en þó án staðsetningar. Kort af legu minja má finna í viðauka aftast í skýrslu.



Mynd 2. Loftmynd sem sýnir svæðið eins og það leit út 1966. Fengið af vef Landmælinga Íslands.

Ágrip af sögu bæjanna

³ Heimasíða Landmælinga Íslands. Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>.

Framnes

Býlið Framnes lá á svokölluðum Digranestanga og var upphaflega byggt sem grasbýli út úr jörðinni Sómastöðum árið 1916, af Þórólfi Beck, skipstjóra.⁴ Þar bjuggu 12 manns árið 1920.⁵ Lengst af var einhver búskapur var á jörðinni en landbúnaður var aldrei höfuðatvinnuvegur þeirra sem þar bjuggu.⁶ Fyrir utan árin 1959-1968 er jörðin var í eyði, var þar búið allt framundir byggingu álvers 2006 en þá lagðist byggð þar af.⁷

Sómastaðir

Sómastaðir eru ofan þjóðvegur og ofan álversins. Bæjarins er fyrst getið í landamerkjabréfi frá 1555⁸. Jörðin var kristfjárjörð og metin 16 hundruð í jarðatali 1847.⁹ Býlið er nú komið í eyði og einu hús sem eftir eru, er gamalt grjóthlaðið íbúðarhús, byggt árið 1875 af Hans Jakob Beck, bónda á Sómastöðum. Húsið er í Húsasafni Þjóðminjasafnsins og í umsjón þess. Nánari lýsing hússins fylgir í viðauka.

Sómastaðagerði

Sómastaðagerði var gömul hjáleiga frá Sómastöðum, fyrst getið í jarðatalinu 1847. Bæjarhúsin stóðu neðan þjóðvegur og byggði búskapur að miklu leyti á sjósókn.¹⁰ Bæjarhús og heimatún Sómastaða eru nú komin undir byggingar álversins.

Staðarhraun (Hraun)

Staðarhraun var hjáleiga frá prestsetrinu Hólmum, stofnuð rétt eftir 1890. Býlið stóð innst í gamla Hólmalandinu neðan þjóðvegur. Allt land nýbýlisins er nú horfið undir álverið og starfsemi þess.¹¹

⁴ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 152.

⁵ Sótt á síðu Þjóðskjalasafns á manntal.is.

⁶ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 149.

⁷ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 152-153, Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð

⁸ Ísl. Fornbréfasafn, XIII, bls. 76.

⁹ Jarðatal á Íslandi, bls. 375.

¹⁰ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 150

¹¹ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 147.

Fornleifaskrá

Minjar skráðar 2022

Framnes 2813-1

Hlutverk: Híbýli


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Steypt íbúðarhús stóð á Framnesi frá upphafi byggðar þar skv. Sveitum og jörðum en þar stendur í myndatexta¹²: „Steinhús byggt '16 ('20 segir í F'72)“. Samkvæmt því virðist óvíst hvort húsið er byggt 1916 eða 1920 en húsið finnst ekki í fasteignamati 1916-1920.¹³ Húsið var rífið í tengslum við byggingu álversins og sést ekkert eftir af því.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Sómastaða segir: „Rétt utan við hana [Ljósá] er Smjörklettur við sjó, svo eru Björg og Bjargaeyri, Hrafnaskjól og Digritangi; það byggði Þórólfur Beck skipstjóri.,,



Mynd 3. Yfirlitsmynd af minjum á bæjarstæði Framness.

Framnes 2813-2

Hlutverk: Skrúðgarður, matjurtagarður

Tegund: Hleðsla **Hættumat:** finnst vanta

¹² Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 152.

¹³ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Staðhættir

Um 10m neðan við þar sem íbúðarhúsið stóð er ferkantað garðlag, líklega undan vírgirðingu.

Lýsing

Garðurinn er um 15x20m að stærð, nú algróinn trjám. Fast neðan við suðvestur horn garðsins er steinsteypur grunnur af fjósi. Hæstur er hann um 1m þar sem fjós [2813-4] stendur áfast honum.

Aðrar upplýsingar

Hreggviður Friðbergsson mundi eftir fjósinu þegar hans fjölskylda flutti að Framnesi en vissi ekki hversu gamalt það var.

Framnes 2813-3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat:

Staðhættir

Um 65m ofan við þar sem íbúðarhúsið stóð er nú grunnur af fjárhúsi.

Aðrar upplýsingar

Þegar fjölskylda Hreggviðs Friðbergssonar flutti að Framnesi 1968 var þarna fjárhús, að hluta til hlaðið úr grjóti. Það var rífið og nýtt hús byggt á grunni þess. Grunnurinn sem nú sést er eftir yngra húsið.

Framnes 2813-4

Hlutverk: Fjós

Tegund: Steinsteypa

Staðhættir

Fast neðan við suðvesturhorn skrúðgarðsins og um 30m neðan íbúðarhússins er steinsteypur grunnur af fjósi. Þekja er fallin ofan í grunninn.

Aðrar upplýsingar

Hreggviður Friðbergsson mundi eftir fjósinu þegar fjölskylda hans flutti að Framnesi 1968 en vissi ekki hversu gamalt það hafði verið.



Mynd 4. Horft til norðausturs yfir leifar fjóssins [2813-4], þekja fallin ofan í grunninn. Á bak við má sjá hleðslu og tré úr skrúðgarðinum [2813-2].

Framnes 2813-5



Mynd 5. Horft til norðurs yfir leifar skotbyrgis [2813-5].

álversins.

Framnes 2813-6

Hlutverk: Bólverk, bryggja

Tegund: Hleðsla

Hættumat:

Staðhættir
Í fjöruborði um 150m neðan (suðvestan) bæjar er klettur sem stendur í sjó fram.

Lýsing

Suður og austur hliðar klettsins eru beinar og hefur grjóti verið hlaðið upp að þeim. Þarna hefur verið hægt að leggja að bátum líkt og um bryggju væri að ræða. Grjót er í gólfi bryggjunnar. Eystri hleðslan er um 6m löng en sú vestari 5m löng. Bólverkið sjálft hefur verið 5x10m að flatarmáli.

Aðrar upplýsingar

Óvíst um aldur.



Mynd 6. Hleðslur úr austur bakka bólverksins [2813-6].



Mynd 7. Horft til suðurs yfir tóft af nausti [2813-7], sést í hlaðna rennu uppsáturs [2813-8] í baksýn.

Framnes 2813-7

Hlutverk: Naust

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Hættumat:

Staðhættir

Um 140m suðvestan þar sem Framnesbær stóð, rétt ofan fjöruborðs er tóft af nausti.

Lýsing

Naustið er að hluta niðurgrafið en lágir veggir að austan og vestanverðu. Tóftin snýr norður-suður, um 7m löng og 4m breið.

Vesturveggur stendur betur og er um 7m langur, 40cm breiður og um 30cm á hæð. Austurveggur er um 5m langur, 40cm breiður og um 20cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Hreggviður Friðbergsson segir föður sinn hafa geymt þarna báta en naustið sé þó eldra. Tóftin er full af plastafgöngum.

Framnes 2813-8

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Hleðsla

Hættumat:

Staðhættir

Um 100m suðvestur af þar sem Framnesbær stóð, í fjöruborði eru leifar uppsáturs, tveir hlaðnir veggir sem liggja út í sjó.

Lýsing



Mynd 8. Yfirlitsmynd af sjóminjum og herminjum sunnan túns á Framnesi.

Hleðslurnar eru um 10m langar og milli þeirra eru 9 metrar. Þarna hefur verið landing fyrir báta sem geymdir voru í naustinu.

Framnes 2813-9

Hlutverk: Óþekkt, herminjar

Tegund: Hleðsla

Hættumat:

Staðhættir

Um 90m neðan við bæjarstæði Framness og um 25m austur af skotbyrgi [2813-5] er aflöng steinhleðsla

Lýsing

Þarna er um eitt lag af grjóti að ræða og er hleðslan 1m á breidd og 4 á lengd. Ekki er augljóst að um hrunda vegg sé að ræða. Óvíst um aldur en ekki ólíklegt að hún tengist eitthvað umsvifum hersins á hernámsárunum.



Mynd 9. Hleðsla [2813-9] neðan heimatúns. Horft er til

Framnes 2813-10**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Hleðsla**Hættumat:****Staðhættir og lýsing**

Um 100m norðvestur af bæjarstæði Framness, vestast í túni, má sjá lága vegg sem afmarka ferhyrnt svæði um 4x5m að stærð. Mögulega leifar lítils matjurtagarðs en hleðslurnar eru óverulegar og líklega undan vírgirðingu.

Aðrar upplýsingar

Hnit voru tekin þar sem ferhyrnd flöt virtist í túni á sama stað og sést á loftmynd frá 1966.

Minjar af eldra skráningarsvæði

Hér eftir koma minjar af svæði sem skráð var árið 1999¹⁴ af Fornleifastofnun Íslands (FSÍ), vegna væntanlegra álversframkvæmda. Númer minja úr eldri skýrslunni birt undir nýjum verknúmerum minjanna í skránni. Á vettvangi voru minjar sem enn eru til staðar mældar upp með nákvæmu mælitæki. Í umfjöllun um minjarnar er settur inn texti úr skýrslu Fornleifastofnunar með viðbótum. Einnig var minjum bætt við sem sjá má á loftmynd af svæðinu frá 1966 en eru ekki í skýrslu Fornleifastofnunar. Hnit hafa verið uppfærð í ISN93 og borin saman við loftmyndir þar sem mögulegt er ber að taka með fyrirvara vegna ónákvæmni eldri gps mælinga.

Minjar sem eru til staðar



Mynd 9. Horft til norðvesturs yfir matjurtagarð [2813-13] í vesturhorni Sómastaðatúns.

Sómastaðir 2813-13

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:010

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat:

Staðhættir og lýsing

¹⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson (1999). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. FS093-9912.

Í skráningarskýrslu FSÍ (1999, bls. 22) segir: „Um 80 m norðvestan við gamla bæinn, í jaðri túnsins eru leifar garðlags. Garðurinn er að hluta rabbabarabeð í dag en hann er rétt austan vestasta lækjarins í túni. Garðurinn er um 100 m norðan við veginn til Eskifjarðar. Þarna eru þýfðir hagar í kring en vestan við er lækjargil. Norðan garðsins er lítið klettabelti, hann er hlaðinn að austan og vestan en ekkert skýlir honum að sunnan.”

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er enn vel greinanlegur og í honum vex rabarbari.

Sómastaðir 2813-14

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:012

Sérheiti: Hólshús

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat:

Staðhættir

Um 60m ofan við gamla bæjarstæðið á Sómastöðum, ofan drengurðar tengdum álversframkvæmdum og á vesturbakka lækjar eru tóftarleifar.

Lýsing

Tóftin er um 3x4m að utanmáli og eru veggir orðnir jarðsokknir. Austur og suðurveggir eru greinanlegastir, um 30cm þar sem hæstir og 70cm þar sem breiðastir.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 22) stendur: „Bæjarlækur er í túni og Hólshúslækur fyrir framan hann; þar hétu Hólshús." 5 m vestan við lækinn, þar sem hann liggur niður úr gílinu má enn sjá veggjarhleðslur sem að líkindum eru úr Hólshúsi. Um 30-40m sunnar beygir lækurinn til vesturs þannig að veggjarbrotið er í raun í lækjarkrók. Á þessum stað eru þýfð tún sem liggja að grónum klettum sem eru norðan túns. Þarna sjást 3 m norðurveggur, vesturhorn og þaðan 2 m bútur til suðurs.



Mynd 10. Horft til suðurs yfir meinta Hólhústóft [2813-14]. Fjær má sjá gamla Sómastaðahúsið og bak þess álverið.



Mynd 11. Horft til vesturs yfir bæjarstæði Sómastaða, grunnflötur fjárhúss [2813-15] sést hægra megin á mynd

Sómastaðir 2813-15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Niðurgroftur, grunnur

Hættumat:

Staðhættir og lýsing

Um 50m norðaustan við gamla bæjarstæðið á Sómastöðum eru útlínur húsgrunns í túni, um 10x15m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (III bindi, bls. 149) stendur að fjárhús hafi verið steipt með timburstafni, reist 1920. Húsin hafa nú verið rifin.

Sómastaðir 2813-16

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:008

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Hættumat:

Staðhættir

Um 170m frá bæjarstæði Sómastaða, ofarlega í túni eru vel varðveittar leifar hesthústóftar.

Aðrar upplýsingar/lýsing

Í skýrslu FSÍ (1999, bls.25) stendur: „Hesthúsklettur [er] fyrir utan og ofan bæ.“ Tóftir útihúss sjást um 20 m sunnan við Hesthúsklett sem er fyrir vestan og ofan (norðan) bæ. Á þessum stað eru þýfð tún og smálækir renna bæði vestan og austan við. Tóftin er eitt hólfið og 8 X 5,5 m á stærð. Tóftin er alveg hlaðin að innan. Þykkt veggjanna er 0,8-1,0 m en tóftin er 1,5 m á hæð. Op er á tóftinni til suðurs.“



Mynd 12. Hesthústóft [2813-16] séð úr lofti.

Sómastaðir 2813-17

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:006

Hlutverk: Mylla

Tegund: Niðurgroftur, hleðsla

Hættumat:

Staðhættir

Um 200m NA við bæjarstæði Sómastaða eru leifar af aðrennsliskurði að myllutóft.

Lýsing

Í skýrslu FSÍ (1999, bls.25) stendur: „Mylla var utan við tún." Yst í túni, eða í raun utan túngirðingar sem í dag girðir af tún má enn greina leifar myllu. Tóftir myllunnar eru milli 70-90 m norðan vegarins til Eskifjarðar og 10-15 austan við túngirðinguna. Mylluleifarnar eru á grösugum árbakka hjá lítilli ársprænu. Hlaðin hefur verið eins konar renna í boga frá og að læknum. Renna þessi er um 14 m á lengd og samtals um 2 m á breidd. Rennan endar í eins konar ferhyrndri tóft sem er 2 x 2 að innanmáli. Nokkrar hleðslur sjást í þessari tóft og hún er öll mjög greinileg.“

Aðrar upplýsingar

Við rannsóknina 2022 var aðrennslisskurður að myllunni enn til staðar að mestu óskemmdur en myllan sjálf hefur skemmst vegna jarðvegsframkvæmda.



Mynd 13. Horft til suðurs yfir aðveiturennuna úr læknum í mylluna [2813-17]. Rennan sést sem grunnur skurður fyrir miðri mynd. Hleðslur í myllunni sjálfri höfðu orðið fyrir nokkrum skemmdum vegna jarðvegsvinnslu og er myllan nú nánast horfin. Myllan var við fjærenda skurðar.



Mynd 14. Horft til suðausturs yfir gamla Sómadeildahúsið og bæjarstæðið [2813-23]. Engar minjar er lengur að sjá á bæjarstæðinu aðrar en gamla húsið sem er friðlýst og í umsjón Þjóðminjasafns Íslands.

Sómastaðir 2813-23

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:001

Sérheiti: Sómastaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll

Hættumat:

Staðhættir

Bæjarstæði og heimatún Sómastaða eru 20m ofan þjóðveggar og 300m ofan álversins. Engin ummerki eru lengur um bæjarstæðið önnur en gamla Sómastaðahúsið sem enn stendur.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu FSÍ (bls. 20) stendur: “Bærinn sem merktur er inn á túnakort af Sómastöðum stendur enn. Íbúðarhúsið er hlaðið úr blágrýti og stendur 3-4 m norðan þjóðveggar. Rétt suðaustan við nýrra íbúðarhús á svæðinu sem er yfirgefið. Ekki er lengur búið á Sómastöðum en þar er starfrækt plöntusala yfir sumarmánuðina. Fast sunnan við húsið er malbikaður vegur en norðvestan þess er malarhlað. Norðan við íbúðarhúsið er moldarflötur þar sem trjárækt virðist vera að hefjast enda er plöntusalan í steypu útihúsi sunnan bæjarins.”

Sómastaðagerði 2813-18

Númer í skýrslu FSÍ: SM-137:005

Hlutverk: Sjóhúsið

Tegund: Tóft

Hættumat:

Staðhættir

Í landi Sómastaðagerðis er sjóhústóft um 50m neðan við hlaðinn garð neðan álversins, frammi á bakka ofan fjörunnar.

Lýsing

Um er að ræða grjóthlaðna sjóhústóft með garði eða uppsátri austanvert.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 25) segir: Um 260 m sunnan við bæinn og um 50 m austan við 003 er hlaðið mannvirki. Skiptist það í tvö hólf: hið vestara er ferhyrnt að lögun, um 3 m á hvorn veg. Engar dyr eru sjáanlegar. Fast við austurvegg þess er annað hólfið, opið í suðurenda, á móts við sjóinn. Norðurgaflinn er um 3 m langur, en að innanmáli er tóftin um 2,5 m. Austurveggurinn er 8 m langur. Hleðslurnar í veggjunum eru úr grjóti, um 40 sm breiðar en misháar, allt frá 20 sm og um eða yfir 1 m.

Aðrar upplýsingar

Tóftinar eru enn ágætlega standandi en hleðslur eitthvað farnar að hrynja fyrir bakkann.



Mynd 15. Horft til austurs yfir leifar sjóhústóftar [2813-19] í fjöruborði neðan álversins.

Sómastaðagerði 2813-19**Númer í skýrslu FSÍ:** SM-137:004**Hlutverk:** Sjóhús, naust, uppsátur?**Tegund:** Hleðsla, niðurgröftur**Hættumat:****Staðhættir**

Neðst við fjöruborð í landi Sómastaðagerðis er niðurgrafinn grunnur og tóft á eystri bakka skurðar. Minjarnar eru um 30m neðan við hlaðinn garð sem er neðan álversins.

Lýsing

Þarna eru leifar af niðurgröfnum húsgrunni um 7x8m. Þarna má sjá hús með þaki á loftmynd frá 1966. Fast

austan við er svo niðurgrafin tóft, 3,5x4m í bakkann ofan fjöru, líklega lítið naust.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu FSÍ (1999, bls.25) segir: „Um 250 m sunnan við bæjarhólinn og 100 m austar en 003 grjóthleðsla í bakkanum við fjöruna. Er hægt að rekja hana um 7 m leið, frá N til S. Hún er um 80 sm breið og 40-50 sm há, en ekki úr stóru grjóti. Hugsanlegt er að hún hafi náð frá fiörubakkanum og alla leið út í sjó, því um 10 m sunnar, þ.e. í flæðarmálinu, vottar fyrir steinaröð sem gæti hafa verið framhald á henni til suðurs.“



Mynd 16. Horft til suðurs yfir naust og sjóhúsgrunn [2813-19]. Í bakgrunni má sjá mögulega hleðslu fyrir uppsátur.

Hraun 2813-020**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hættumat:****Staðhættir**

Um 10m neðan við landfyllingu neðan álversins og um 5m ofan fjöruborðs er tóft. Tóftin stendur á dálítilli upphækkun, er um 5x5m að utanmáli og hafa dyr vitað til suðurs. Veggir um 20cm á hæð og um 70cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Sést á loftmynd frá 1966, virðist þá þegar orðin tóft.

Hraun 2813-021**Hlutverk:** Sjóhús**Tegund:** Steinsteypa, hleðsla**Hættumat:****Staðhættir**



Mynd 17. Horft til austurs yfir steinsteyptan sjóhúsgrunn [2813-21].

Í landi Hrauna, fast ofan fjöruborðs, um 5m neðan við hlaðinn garð sem er neðan álversins, eru leifar af grjóthlöðnum og steiptum húsgrunni.

Lýsing

Steipt gólfplata undan húsi 4x12m að stærð. Nokkuð farið að kvarnast úr henni. Húsið hefur snúið ssv-nna. Aftan við hefur verið hús á grjóthlöðnum grunni.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1966 má sjá þarna hús með þaki. Líklega er um að ræða leifar sjóhúss.

Sómastaðagerði 2813-22

Númer í skýrslu FSÍ: SM-137:003

Hlutverk: Óþekkt, sjóbúð, hjallur?

Tegund: TóftStaðhættir


Um 70m norðan við austustu mannvirki Mjóeyrarhafnar og fast við framkvæmdasvæði álversins er lítill hól og tóft ofan á honum.

Lýsing

Um er að ræða tvo samsíða veggir í tóft sem snúa norður-suður. Veggirnir eru um 7m langir og allt að metri á þykkt. Þeir standa á dálitlum hól og vera kann að eldri minjar leynist undir þeim.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu FSÍ (1999, bls.25) stendur: „Niður við sjó, niður með læk um 200 m beint í suður frá tóft 002, er hlaðið mannvirki við flæðarmál. Þar er stakur hól, fremur hár og um 10 m í þvermál. Er hann grösugur og jafn en hvílt ofan í hann að ofan. Ekki er að sjá mannvirkjaleifar ofan á hólnum, en manngerður virðist hann vera að einhverju leyti, því í vesturkantinum neðst er greinileg hleðsla úr grjóti. Er hún úr meðalstóru fjörugrjóti, snýr nánast N-S, og sjást um 12 metrar af henni við hólsræturnar.“



Mynd 18. Horft til suðurs yfir sjóbúð eða hjall [2813-22] við fjöruborð skammt austan Mjóeyrarhafnar.

Horfnar minjar með hnitum



Mynd 19. Yfirlitsmynd af heimatúni Sómastaðagerðis. Loftmynd frá 1966 fengin á heimasíðu Landmælinga Íslands.

Sómastaðagerði 2813-24

Númer í skýrslu FSÍ: SM-137:001

Sérheiti: Sómastaðagerði

Hlutverk: Híbýli, bæjarhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 24) segir: „Sómastaðagerði er gömul hjáleiga frá Sómastöðum og í sama eignarhaldi alla tíð (Kristfjárförð). Býlið er ekki nefnt í manntölum 1703 eða 1816, en er komið á jarðaskrá 1847 (JJ'47). Bæjarhús eru 500-600 m neðan og nær sjó en Sómastaðir. Steinsteypt hús var byggt á þessum stað um 1918 en það var endanlega rífið fyrir nokkru og nú eru engar leifar þess að þarna hafi verið búskapur. Þarna er sléttað malarhlað en á því stendur gamall úr sér genginn vörubíll.“

Aðrar upplýsingar

Allar minjar í túni Sómastaðagerðis eru horfnar undir álversbyggingu.

Sómastaðagerði 2813-025

Númer í skýrslu FSÍ: SM-137:006

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 25) segir: „Í túninu, um 40 m suðaustur frá bænum stóð timburkofi sem fallið hefur nýlega. Eru timburleifar þar á víð og dreif. Hefur hann staðið í eldri tóftum, en ummerki þó svo óljós að ekki verður slegið á þau máli.“

Aðrar upplýsingar

Allar minjar í túni Sómastaðagerðis eru horfnar undir álversbyggingu.

Sómastaðagerði 2813-26

Númer í skýrslu FSÍ: SM-137:002

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 25) „Tóft stendur á klöpp sem myndar lágan hól skammt utan túns, um 140 m SV frá bæjarhól, en 40 m vestan lækjar. Hún snýr að mestu A-V, aflöng, með dyr vestarlega á nyrðri langvegg. Að utanmáli er hún um 8 m löng, og 4 m breið. Að innanmáli er hún 5,5 m löng og 2,5 m breið. Grjót er í veggjum og eru þeir um 1 m breiðir. Er þetta væntanlega útihús frá Sómastaðagerði.“

Aðrar upplýsingar

Tóftin er nú horfin undir álversbyggingu.

Sómastaðir 2813-27

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:015

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skráningarskýrslu FSÍ (1999, bls. 22-23) segir: „Nær miðja vegu milli Framness og Sómastaðagerðis, þó heldur nær Framnesi (450 m) og niður við sjó, vestan Mjóaness, eru mannvirki við flæðarmál. Eru þau yst á litlum og grýttum tanga en sendnar víkur á báða bóga. Þau eru afar vandlega hlaðin úr mjög stóru fjörugrjóti. Vestast er um 6 m langur veggur sem liggur N-S, þ.e. í átt til sjávar. Um 5 m austan hans gengur annar veggur fram og af svipaðri lengd. Við suðurenda þeirrar hleðslu er 7 m langur kantur sem gengur til austurs og hefur upphaflega gengið hornrétt aftur til norðurs, meðfram austurbrún tangans og inn í kverkina sem er milli tanga og víkur. Hér og þar hefur hrunið úr þessum hleðslum. Þær eru víða um 30-50 sm háar, en allt að 1,10 m þar sem hæst er. Ekki liggja fyrir heimildir um aldur mannvirkjanna en ljóst er að þetta eru e.k. hafnarbætur og af yfirbragði þeirra má ráða að þær séu frá fyrri hluta 20. aldar.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir álversmannvirki.

Sómastaðir 2813-28

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:016

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skráningarskýrslu FSÍ (1999, bls 23) segir: „Um 70 m norðan við víkina sem liggur austan 007 en vestan Mjóaness vottar fyrir lítilli tóft. Beint upp af víkinni er stakur hóll, grösugur og reglulegur í lögun, brattari sunnan en sléttari norðan. Á honum miðjum er tóftin. Hún snýr u.þ.b. NNV-SSA,

5 m löng og um 4 m breið. Suðvesturhorn er horfið, en dyr gætu hafa verið nyrst á austurvegg. Gæti þarna hafa verið sjóbúð en ritaðar heimildir geta hennar ekki.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir álversmannvirki.



Mynd 20. Heimatún Staðarhrauns af loftmynd frá 1966.

Hraun 2813-29

Númer í skýrslu FSÍ: SM-134:005

Sérheiti: Staðarhraun (Hraun)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skráningarskýrslu FSÍ (1999, bls. 13) segir: „Staðarhraun heitir býlið eftir klettaborg utan við bæinn, en er í daglegu tali nefnt Hraun. Staðarhraun er hjáleiga frá Hólmum eða nýbýli stofnað um eða rétt eftir 1890." Hraun var byggt út úr landi Hólma og er ekki getið sem sjálfstæðs býlis í Jarðaskrá Johnsens. Inn á túnakort eru merkt hús sem hafa verið rétt neðan við bæinn sem þarna stendur í dag. Heimildamann rámaði í útihús á þessum stað en líklega hafa það verið tóftir gamla bæjarins sem um getur í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III* en þar stendur á blaðsíðu 148: "Torfbær með timburpili niður að sjónum, um 8 X 4 m, annar stafn áfastur kletti, baðstofa í einu lagi uppi, fjós og eldhús niðri. Aflagður til íbúðar um '30, notaður fyrir hlöðu til '54 og þá rifinn." Þarna er nú hlað framan við steinhúsið og einhver smá veggjarbrot, hjá klettinum.“

Aðrar upplýsingar

Bæjarstæði Hrauns er nú horfið undir álversbyggingu.

Hraun 2813-30

Númer í skýrslu FSÍ: SM-134:007

Sérheiti: Valhöll

Hlutverk: Þjóðsögustaður

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 14) segir: „Valhöll heitir klettabelti milli Hrauns og Flateyrar. Hólmaskotta átti heima í Valhöll.“ Valhöll er milli Hrauns- og Flateyrarbæjanna er klettabelti í fjörunni sem snýr norður og suður. Beltið er mjög gróið en þó greinilegt.

Aðrar upplýsingar

Staðurinn er nú kominn undir álverið.

Sómastaðir 2813-31

Sérheiti: Gunnarstættur

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á landamerkjakorti Landmælinga Íslands er örnefnið Gunnarstættur norðaustanvert á álverslóðinni. Þarna sjást einnig tættur á loftmynd frá 1966. Hnit er sett niður eftir örnefnaskrá en ber að taka með fyrirvara.

Aðrar upplýsingar

Svæðið hefur verið sléttað og ekkert sést lengur eftir af tóftunum.

Sómastaðir 2813-32

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1966 má sjá útihús með þaki austarlega í Sómastaðatúni milli fjárhúss [2813-15] og hesthústóftar [2813-16]. Þarna eru einhverjar dældir í túni en fremur ógreinilegt.

Aðrar upplýsingar

Hnit voru tekin þar sem dældir eru í túni. Aldur húsanna er óviss.

Horfnað minjar án hnita

Sómastaðir 2813-11

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:004/ SM-136:013

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá fyrir Sómastaða segir: „Rétt upp af býlinu [Framnesi] er Sandskeið, reiðvegur og þjóðvegur um það.“¹⁵ Engin ummerki sjást nú um þessar reiðgötur.

Aðrar upplýsingar

Í skráningarskýrslu Fornleifastofnunar vegna álversins frá 1999 hefur gatan númerið SM-136:013¹⁶ en í skráningarskýrslu vegna línulagnar frá sama ári SM-136:004.¹⁷ Þá var gatan þegar horfin.

Sómastaðir 2813-12

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:014

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá fyrir Sómastaða segir: „Rétt upp af býlinu [Framnesi] er Sandskeið, reiðvegur og þjóðvegur um það.“ Í Sveitum og jörðum¹⁸ segir: „Beitarhús á Sandskeiði 100 sauðir fyrir aldamót. Engin ummerki beitarhúsanna fundust innan framkvæmdasvæðisins og það er ekki greinanlegt á loftmynd frá 1966.

Sómastaðir 2813-32

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:003

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Minjar geta leynst í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt máldögum var kirkja á Sómastöðum á 14. öld.¹⁹ Ekki er vitað hvar hún stóð. Þó svo að kirkjan sé horfin af yfirborði geta leifar hennar og kirkjugarðs leynst neðanjarðar. Því er hún metin í hættu vegna mögulegra framkvæmda.

Sómastaðir 2813-34

Númer í skýrslu FSÍ: SM-136:002

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skýrslu FSÍ (1999, bls. 20) segir: „Um 20 m austan bæjarins (001) er merkt inn á túnakort útihús sem hefur staðið álíka norðarlega og íbúðarhúsið en hefur náð mun lengra til austurs og eiginlega staðið skáhalt en ekki til austurs/vesturs eins og íbúðarhúsið. Engar leifar útihúss sjást á þessum stað í dag enda hefur það staðið að hluta þar sem malbikaður vegur liggur nú. Útihúsið hefur verið þar sem nú er lítill grasbali austan íbúðarhússins og einnig þar sem vegurinn liggur nú yfir.“

¹⁵ Örnefnaskrá Sómastaða, bls. 1.

¹⁶ <https://rafhladan.is/handle/10802/9816>

¹⁷ https://skyrsalur.minjastofnun.is/Verkefni_2424.pdf

¹⁸ Sveitir og Jarðir 3. bindi, bls. 149.

¹⁹ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 233.

Hraun 2813-35**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Rétt framan við bæjarhúsin á Staðarhrauni má sjá tóftir á loftmynd frá 1966.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort um er að ræða útihús eða leifar gamla torfbæjarins. Minjarnar eru nú horfnar undir byggingar álversins.

Hraun 2813-36**Hlutverk:** Kofi**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Austan undir klettum sunnan bæjarstæðisins á Hrauni má sjá litla tóft á loftmynd frá 1966.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir byggingar álversins.

Hraun 2813-37**Hlutverk:** Mótekja**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Neðan við heimatúnið á Hrauni má sjá leifar mótekju á loftmynd frá 1966.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir byggingar álversins.

Sómastaðagerði 2813-38**Hlutverk:** Matjurtagarður?**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd frá 1966 má norðan við bæjarlækinn, suðvestur af Sómastaðagerðisbæ sjá garðlag upp við klett. Óvíst hvor verið gæti af rétt eða matjurtagarður.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir byggingar álversins.

Sómastaðagerði 2813-39**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Fast sunnan við Sómastaðagerðisbæinn má sjá einhverjar tóftaleifar á loftmynd frá 1966. Óvíst um tilgang.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir byggingar álversins.

Sómastaðagerði 2813-40**Hlutverk:** Mótekja**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Neðan við heimatúnið á Sómastaðagerði má sjá svæði sem líkist mótekjussvæði, á loftmynd frá 1966.

Aðrar upplýsingar

Minjarnar eru nú horfnar undir byggingar álversins.

Framnes 2813-41**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Á svæði ofan og norðaustan við Framnesbæ er örnefnið Króarhraun sýnt á örnefnasjá Landmælinga Íslands.

Aðrar upplýsingar

Engar leifar um kró (stekk) fundust á svæðinu og engar leifar hennar var að sjá á loftmynd frá 1966.

Sómastaðir 2813-42**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Matjurtagarður var ofan við tún norðaustur af bæjarstæðinu.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti Sómastaða eru sýndir þrír matjurtagarðar. Einn þeirra er enn til staðar í ágætu ástandi [2813-13] en hinir tveir [2813-42 og 43] eru horfnir og sjást heldur ekki á loftmynd frá 1966.

Framnes 2813-43**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Matjurtagarður var neðan við suðvesturhorn túns á Sómastöðum.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti Sómastaða eru sýndir þrír matjurtagarðar. Einn þeirra er enn til staðar í ágætu ástandi [2813-13] en hinir tveir [2813-42 og 43] eru horfnir og sjást ekki heldur á loftmynd frá 1966.

Samantekt

Alls voru skráðar 41 minjar innan deiliskipulagssvæðisins. Þar af voru 19 minjar (44%) enn til staðar og voru þær mældar upp og skráðar en 22 minjar (56%) voru horfnar. Af horfnum minjum var unnt að hnitsetja 11 minjar, en þau hnit geta verið með nokkurri skekkju. Hnitaskrá og hættumat má finna í töflu 2 í viðauka aftast í skýrslu. Þar er einnig að finna yfirlitsmyndir af legu minja.

Tafla 1. Tafla yfir fjölda minja á skráningarsvæðinu.

Fjöldi minja	Með hnitum	Án hnita	Samtals
Enn til staðar	19	0	19
Horfnar	11	13	24
Alls:			43

Flestar minjarnar geta talist hefðbundnar 19.-20. aldar menjar um búskap sem byggðist einnig á sjósókn. Þó voru einnig leifar um veru herliðs í seinni heimstyrjöldinni.

Innan væntanlegs framkvæmdasvæðis vestan Mjóeyrarhafnar, í landi Framness, voru alls skráðar 12 minjar. Tvær þeirra, steinsteypt íbúðarhús [2813-1] og hlaðið fjárhús [2813-3] eru horfnar en staðsetning þekkt. Samkvæmt upplýsingum úr Sveitum og jörðum var íbúðarhúsið á Framnesi byggt 1916, tvíhæða steinhús. Þetta hús var rífið þegar byggð lagðist af á Framnesi. Aðrar minjar í túni eru skrúðgarður [2813-2], matjurtagarður [2813-10] og grunnur af steinsteyptu fjósi [2813-4] gætu einnig verið frá upphafi búskapar en það verður ekki fullyrt. Aldur minja við sjóinn, nausts [2813-7], bólverks [2813-6] og uppsáturs [2813-8] er óþekktur en er þó líklega frá fyrstu árum byggðar eða eldri. Séu þær eldri hafa þær tilheyrt heimajörðinni Sómastöðum. Tvennar herminjar voru skráðar, skotbyrgi [2813-5] og steinhleðsla [2813-9]. Þær teljast ekki fornleifar skv. Lögum um menningarminjar (80/2012) en eru merkilegir minnisvarðar um setu herliðs í Reyðarfirði í seinni heimstyrjöldinni. Aðrar minjar falla líklega undir ákvæði laganna enda eldri en frá 1922. Fyrir utan herminjarnar teljast allar minjarnar hefðbundnar menjar sjávarbúskapar á síðari hluta 19. og fyrri hluta 20. aldar. **Miðað við staðsetningu væntanlegra mannvirkja á yfirlitsmynd frá Alta eru allar minjar í landi Framness metnar í mikilli hættu.**

Alls voru skráðar níu minjar í heimatúni Sómastaða, þar af voru fjórar enn sýnilegar, matjurtagarður [2813-13], tóft af svokölluðu Hólshúsi [2813-14]-, tóft hesthúss [2813-16] og mylla [2813-17]. Enn eru sýnileg grunnmál fjárhúss og tóftar í heimatúni en byggingarnar hafa verið rifnar og teljast því ekki í hættu. Tveir matjurtagarðar [2813-42 og 43] eru á túnakorti Sómastaða frá um 1920 en eru horfnir á loftmynd frá 1966. Á bæjarstæðinu eru allar byggingar horfnar nema gamla steinhlaðna framhúsið en frekari umfjöllun um það fylgir í viðauka. Það telst ekki til fornleifa því það er enn uppistandandi, en það er þó friðlýst og í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Samkvæmt yfirlitsmynd af væntanlegum framkvæmdum á deiliskipulagssvæðinu eru engar fyrirhugaðar framkvæmdir ofan vegar í landi Sómastaða en minjarnar eru þó innan útmarka svæðisins. Það ber að áréttu að þótt engar minjar séu sýnilegar á yfirborði verður að fara að gát við allar framkvæmdir á og við bæjarstæðið því minjar kunna að leynast þar neðanjarðar. Þar á meðal eru leifar kirkju- og kirkjugarðs, en staðsetning þeirra er óviss. Minjar þarna eru því metnar í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæði.

Leifar nokkurra sjóhúsa voru skráðar við fjöruborð sunnan álverslóðarinnar [2813-18-22]. Engar framkvæmdir eru sýndar þar á yfirlitsmynd af deiliskipulaginu. Þau eru þó flest metin í hættu, bæði vegna mögulegra framkvæmda en þó aðallega vegna landbrots af völdum sjávar. Þó virðist ekki mikið hafa brotnað framan af tóftunum síðan að þær voru skráðar 1999.

Minjar sem eru horfnar eða staðsetning óþekkt teljast ekki í hættu. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna þó enn að leynast ummerki um þær neðanjarðar. Ef minjar koma í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson og Magnús Á. Sigurgeirsson (1999). *Fornleifakönnun á fyrirhuguðu línustæði frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands FS097-99J51.

Sótt af: https://skyrslur.minjastofnun.is/Verkefni_2424.pdf

Álver í Reyðarfirði Fjarðabyggð. Matsskýrsla. Reykjavík: Alcoa, HRV Engineering.

Sótt af: <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/562/Alcoa%20Fjar%C3%B0a%C3%A1l%20Matssk%C3%BDrsla.PDF>

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn III. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn XIII. bindi. Reykjavík: Félagsprentsmiðja, 1933-39.

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson (1999). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. FS093-9912.

Sótt af: <https://rafhladan.is/handle/10802/9816>

Sveitir og jarðir í Múlapingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Hólma skráð af Stefáni Einarssyni eftir Guðmundi Sveinssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Sómastaða. Skráð af Stefáni Einarssyni eftir Hans Jacob Beck. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 26.06.2020

Sótt af: <https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Su%C3%B0ur-M%C3%BAlas%C3%BDsla/>

Heimasíða Landmælinga Íslands

Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>


Þjóðskjalasafn Íslands.

Sótt af: <https://www.manntal.>

Fylgiskjöl

Yfirlitsmynd 1.

Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðu. Inn á myndina eru merktar horfnar minjar úr skýrslu FSÍ (gulur þríhyrningur), minjar við ströndina og utan heimatúna (grænir hringir). Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3 af minjum í og við heimatún Framness og Sómastaða.




Yfirlitsmynd 2.

Minjar í heimatúni Framness.
Útlínur væntanlegra bygginga eru
af teikning frá Alta ráðgjöf.



Yfirlitsmynd 3.

Minjar í heimatúni Sómastaða. Rauða línan
afmarkar útmörk deiliskipulagssvæðisins til
norðurs.



Mjóreyarhöfn - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar með hnitum										
2813-2		skrúð- og matjurtagarður	hleðsla	1916	1968	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729198	512058
2813-4		fjós	steinsteypa, grunnur	1916	1960	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729196	512048
2813-5		skotbyrgi, herminjar	steinsteypa, hleðsla	1942	1945	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729150	511974
2813-6		bólverk	hleðsla	1800	1968	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729127	511942
2813-7		naust	hleðsla, niðurgröftur	1800	1968	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729095	511957
2813-8		uppsátur	hleðsla	1800	1968	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729101	511946
2813-9		óþekkt, herminjar	hleðsla	1942	1945	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729175	511981
2813-10		matjurtagarður	hleðsla, niðurgröftur	1916	1968	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	729096	512113
2813-13		matjurtagarður	hleðsla	1850	1960	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	730108	513006
2813-14	Hólhús?	óþekkt	hleðsla	1800	1950	greinanleg	hætta	framkvæmdir	730169	513037
2813-15		fjárhús	niðurgröftur, grunnur	1920	1970	greinanleg	hætta	framkvæmdir	730319	513130
2813-16		hesthús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	730319	513130
2813-17		mylla	niðurgröftur, hleðsla	1800	1950	greinanleg	hætta	landbrot	730385	513131
2813-18		sjóbúð, naust	tóft	1700	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	730488	512266
2813-19		sjóbúð, naust	tóft, niðurgröftur	1850	1950	greinanleg	hætta	landbrot	730451	512251
2813-20		tóft	óþekkt	1800	1950	greinanleg	hætta	landbrot	731083	512658
2813-21		steinsteypa, hleðsla	sjóhús, naust	1850	1950	greinanleg	hætta	landbrot	731038	512638
2813-22		sjóbúð, hjallur	óþekkt	1800	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	730354	512170
2813-23	Sómastaðir	bæjarstæði	heimild	900	1990	horfin	engin hætta		730220	512984
Hornar minjar með hnitum										
2813-1	Framnes	híbýli	heimild	1916	2005	horfin	engin hætta		729197	512078
2813-3		fjárhús	heimild	1916	1968	horfin	engin hætta		729186	512124
2813-24	Sómastaðagerði	híbýli	heimild	1850	1966	horfin	engin hætta		730328	512665
2813-25		kofi	heimild	1800	2000	horfin	engin hætta		730465	512490
2813-26		óþekkt, tóft	heimild	1800	2000	horfin	engin hætta		730265	512465
2813-27		tóft, hleðsla	heimild	1800	2000	horfin	engin hætta		729862	512052
2813-28		tóft	heimild	1800	2000	horfin	engin hætta		729911	512147
2813-29	Hraun (Staðarhraun)	bæjarstæði	heimild	1890	2000	horfin	engin hætta		730854	512829
2813-30	Valhöll	þjóðsögustaður	heimild		2005	horfin	engin hætta		731018	512898
2813-31	Gunnarstættur	tóft	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta		731132	513270
2813-32		útihús	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta		730301	513086

Mjóreyarhöfn - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Hornar minjar án hnita										
2813-11		gata	heimild	900	1950	horfin	engin hætta			
2813-12		beitarhús	heimild	1800	1950	horfin	engin hætta			
2813-33		kirkja	heimild	1000	1500	horfin	hætta	framkvæmdir		
2813-34		útihús	heimild	1800	1950	horfin	engin hætta			
2813-35		tóft	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta			
2813-36		tóft	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta			
2813-37		mótekja	heimild	1500	1966	horfin	engin hætta			
2813-38		Garðlag	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta			
2813-39		Tóftir	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta			
2813-40		Mótekja	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta			
2813-41	Króarhraun	rétt	heimild	1800	1966	horfin	engin hætta			
2813-42		matjurtagarður	heimild	1800	1920	horfin	engin hætta			
2813-43		matjurtagarður	heimild	1800	1920	horfin	engin hætta			

Fyrsti eigandi: Hans Jakob Beck
Hönnuður: Hans Jakob Beck. útvegsbóndi
Upphaflegur byggingarstíll: Steinhlaðin hús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Sómastaðir um 1984



Sómastaðahúsið í september 2022

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, tilhöggvið grjót	Hlaðið, tilhöggvið grjót	1988 Þakklæðning, gaffhlöð og gluggar færð í upprunalegt horf	Hjörleifur Stefánsson, arkitekt
Útveggir:	Ómúrað	Ómúrað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	2010 Bætt við dyraskýli og rafmagn lagt í húsið.	Guðmundur L Hafsteinsson, arkitekt
Þakklæðning:	Rennisúð	Skarsúð		
Undirstaða:	Tilhöggvið grjót	Tilhöggvið grjót		
Útlit:	Einlyft; Portbyggt; Ris; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Portbyggt; Ris; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

"Á Sómastöðum er gamalt steinhús sem Hans Jakob Beck útvegsbóndi byggði við torfbæinn þar árið 1875 [...] Sérstaða hússins felst einkum í byggingatækninni en útveggir eru hlaðnir úr lítt tilhöggnu grágrýti sem er bundið er saman með smiðjumó, einni tegund jökulleirs. Ekki munu varðveitt önnur dæmi um þessa tækni í byggingum hér á landi. Efri hluti gafflveggja hússins, þ.e. bjórinn, er úr timbri, og klæddur listabíli. Eikarstokkar eru yfir gluggum. Að utanmáli er húsið 5,0 m breitt og 7,8 m langt. Inn af dyrum er forstofa með stiga upp í portbyggt ris og niður í steinhlaðinn kjallara sem er eitt rými. Á jarðhæðinni er stofa, klædd sléttum plötum og loft sem er plötuklætt milli bita. [...]

Einnig var reist portbyggt timburhús við vesturstafn steinhússins og var innangengt á milli húsanna á báðum hæðum. Timburviðbyggingin var seinna rifin og minna timburhús byggt í stað hennar. Steinsteipt íbúðarhús var byggt fyrir norðan steinhúsið árið 1950 og um það leyti stóð inngönguskúr úr timbri við vesturgaffl steinhússins. Skúrinn skemmdist þegar bifreið var ekið inn í hann og var rifinn eftir það, en þjóðvegurinn lá á þeim tíma nánast meðfram framhlið hússins." Inngönguskúrinn var endurreistur við endurbætur á húsinu sem gerðar voru 2010.

Texti er fenginn af heimasíðu Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands.
<https://www.thjodminjasafn.is/thjonusta/safnkostur/husasafn/somastadir-vid-reydarfjord>
Samtal við Helga Sigurðsson, hleðslumann 08.12.2022.
Frétt af vef RÚV <https://www.ruv.is/frett/vidgerd-a-somastodum-lokid>

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Húsið hefur fágætisgildi vegna byggingarefnis og tækni og er fulltrúi steinhlaðinna framhúsa sem stóðu framan torfbæja.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggingin hefur töluvert menningarsögulegt gildi. Það er mikilvægur hluti austfiskrar athafnasögu og
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sómastaðahúsið stendur í nágrenni álversins, eina húsið sem eftir stendur á bæjarstæði Sómastaða. Það er ekki hluti af byggðaheild en er þekkt kennileiti við þjóðveginn.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er góður fulltrúi sérstakrar gerðar framhúsa úr steini. Húsið hefur a.m.k. tvisvar verið gert upp og fært aftur nær upprunaleikanum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið og lítur vel út. Ástand þess er því metið hátt.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er sérstætt að gerð, því hefur verið vel við haldið og það hefur áhugaverða sögu. Það er mikilvægur póstur við þjóðveginn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjöluþlár litur á korti	